

Nr. 142 / 13 Kap VE 4***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2363 IMO nr. 8714724
Smíðaður: Danmörku 1988, stál
Stærð: 699,5 brl. 1085 bt.
Mesta lengd: 54 m Skráð lengd: 47,49 m
Breidd: 11 m Dýpt: 6,6 m
Vél: Wartsila 2250 kW, 1988
Fjöldi skipverja: 12



Kap©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. maí 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 23. júlí 2013 var Kap VE 4 á makrílveiðum með flotvörpu á SV miðum. Veður: SA 5-10 m/s.

Skipverji var að brýna hníf, sem hann notar við netaviðgerðir, á þilfari þegar hann skar sig í vísifingur vinstri handar. Stýrimaður saumaði skurðinn með fjórum sporum. Slasaði leitaði læknis þegar komið var til hafnar og var úrskurðaður óvinnufær.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði notaði handhnífabryni svokallað „færeyskt brýni“ sem er handfang með borðavörn yfir fingur notanda og klofi úr karbítstáli sem renna á eftir hnífsegginni;
- slasaði hélt á brýninu í annarri hendi og hnífnum í hinni og dró brýnis klofið eftir egginni. Hann sagðist hafa verið búinn að draga hnífinn nokkru sinnum þega hnífurinn skekkist í klofinu og stakkst í fingurinn. Hann taldi sig heppinn að hafa ekki skorið í sundur sínar;
- að samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda á að halda bakka hnífsins á stöðugu undirlagi (borði eða þessháttar) og draga klopinn eftir egginni.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til vinnubragða sem framleiðandi brýnisins mælir ekki með.